

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 229/2021**

**frá 24. september 2021**

**um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260 frá 11. febrúar 2021 um samþykkt landsráðstafana sem gerðar eru til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/260 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13n (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2154) í hluta 1.1:

„13o. **32021 D 0260**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260 frá 11. febrúar 2021 um samþykkt landsráðstafana sem gerðar eru til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 59, 19.2.2021, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7.

(ESB) 2016/429 og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB (Stjtíð. ESB 59, 19.2.2021, bls. 1).“

2. Texti 94. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2 fellur brott.

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) nr. 2021/260, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Rolf Einar Fife**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.